

56
14. maí

AUGLÝSING

um

breyting á gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Siglufjarðarkaupstað frá 25. nóvember 1922.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa skal vera kr. 8,50 yfir tímabilið 1. ág. til 15. maí fyrir hvert 16 kerta ljós. Þó skulu þeir, sem aðeins nota rafmagnsstrauminn frá 1. ág. til 31. des. greiða 20% lægra gjald.

Þegar ljósmagn það, sem hver notandi vill fá, er talið saman í 16 kerta ljós, skal $\frac{1}{4}$ hluta ljóss slept, en $\frac{3}{4}$ ljóss reiknað sem heilt, $\frac{1}{2}$ ljós reiknuð sem $\frac{1}{2}$.

2. gr.

Rafveitunefnd getur með samþykki bæjarstjórnar krafist að hemill sje settur upp hjá hverjum rafnotanda og rafmagn aðeins selt um hemil. Þegar sjerstaklega stendur á, getur þó rafveitunefnd með samþykki bæjarstjórnar ákveðið, að selja rafmagn um mæli, fyrir 1 krónu kílówatttímann. Ársgjald fyrir hemil, sem rafveitunefnd leggur til, er 6 krónur.

3. gr.

Í stað 20% í 7. gr. gjaldskrár fyrir notkun rafmagns í Siglufjarðarkaupstað frá 25. nóv. 1922, komi 50%.

4. gr.

1. og 2. gr. nefndrar gjaldskrár er hjermeð feld úr gildi.

Gjaldskrárbreyting þessi er hjermeð gjörð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. maí 1925.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.